

KRISTIN TRÚ

– FAGNAÐARERINDIÐ

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

..... Skóli		Bók nr.		
		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Sigurður Ingi Ásgeirsson



TRÚARBRÖGÐ MANNKYNS

KRISTIN TRÚ _____

– FAGNAÐARERIDNIÐ

Kristin trú – Fagnaðarerindið

ISBN 978-9979-0-1761-5

© 2008 Sigurður Ingi Ásgeirsson

© 2008 Ljósmyndir eftir Sigurð Inga Ásgeirsson, Sherwood Burton,

Evu Sigurðardóttur og Itamar

Yfirlestur og ráðgjöf: Séra Sigurður Pálsson

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2008

MENNTAMÁLASTOFNUN

Reykjavík

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Prentun: Formprent ehf.

Efnisyfirlit

1	BIBLÍAN	5
	Nýja testamentið	5
2	UPPVAXTARÁR JESÚ	7
	Messías	7
	Fæðing Jesú	8
	Símeon og Anna	9
	Bjargað frá lífláti	9
	Óvenjulegt barn	9
3	KÖLLUN JESÚ.....	10
	Fyrstu lærisveinarnir	11
	Kraftaverk	12
4	BOÐSKAPURINN	14
	Týndi sonurinn.....	14
	Guðsríkið.....	15
	Fjallræðan.....	15
	Faðir vor	17
	Kærleikur í verki	18
	Miskunnsami Samverjinn	18
5	DAUÐI JESÚ OG UPPRISA	19
	Síðasta kvöldmáltíðin.....	19
	Krossfestingin	20
	Upprisan	22
6	ÚTBREIÐSLA TRÚARINNAR.....	23
	Upphaf kirkjunnar	23
	Fórnir og sigrar	23
	Kirkjan klofnar	24
	Var Jesús Guð?	24
	Kristin trú í dag.....	24

7	KRISTNI Á ÍSLANDI	25
8	KIRKJUSTARFIÐ	27
	Guðsþjónustur	27
	Trúarjátningin	29
	Altarisganga	30
	Hjónavígsla	30
	Skírn	31
	Ferming	32
	Útför	33
	Önnur starfsemi	33
9	KRISTNIR HELGIDAGAR	34
	Jólasíðir	35
	Mikilvæg ártöl	38
	Ef þú vilt vita meira	38
	Atriðisorð	39

1 BIBLÍAN



Prestur les úr Biblíunni við guðspjónustu.

Helgirit kristinna manna nefnist Biblían. Hún er safn bóka sem skrifaðar voru á mjög löngum tíma. Biblíunni er skipt í tvo hluta: Gamla og Nýja testamentið. Gamla testamentið inniheldur að mestu leyti sömu rit og helgirit gyðinga. Kristnir menn kalla þennan hluta Biblíunnar Gamla testamentið, sem þýðir gamli sáttmálinn, vegna þess að þeir líta svo á að Jesús hafi verið uppfylling sáttmálans sem Guð gerði við Ísraelsmenn og að hann hafi jafnframt stofnsett nýjan sáttmála, Nýja testamentið, en af honum dregur seinni hluti Biblíunnar nafn sitt.


Biblían hefur verið þýdd á fjöldamörg tungumál og engin bók hefur verið gefin út í jafn mörgum eintökum.

Nýja testamentið

Nýja testamentið er safn 27 bóka. Það hefst á fjórum ritum sem fjalla um ævi og störf Jesú. Þau heita Matteusar-, Markúsar-

Lúkasar- og Jóhannesarguðspjall. Matteus og Jóhannes voru báðir lærisveinar Jesú og hinir tveir, Markús og Lúkas, voru nánir vinir og samstarfsmenn lærisveinanna. Talið er að guðspjöllin hafi öll verið skrifuð innan við fimmtíu árum frá dauða Jesú, þegar enn var á lífi fólk sem hafði séð hann og heyrt hann tala.

Postulasagan fjallar um upphafstíma kristinnar kirkju og Opínberunarbók Jóhannesar, síðasta bók Biblíunnar, um endurkomu Krists. Auk þess inniheldur Nýja testamentið 21 bréf til fyrstu kristnu safnaðanna.



Palestína á dögum Jesú.

2 UPPVAXTARÁR JESÚ

Fyrir 2000 árum náði rómverska heimsveldið yfir meginhluta þess heims sem þá var þekktur. Júdea, lítið ríki fyrir botni Miðjarðarhafs, var eitt þeirra landa sem Rómverjar lögðu undir sig. Þeir kölluðu Júdeu og landsvæðin í kring einu nafni Palestínu. Í dag er stór hluti þess svæðis innan landamæra Ísraels.

Íbúarnir voru gyðingar. Helgirit þeirra voru byggð á kenningum Móse. Hann boðaði trú á einn Guð sem lætur sér annt um sköpun sína. Stórfenglegt musteri gyðinga var í Jerúsalem, höfuðborg Júdeu. Yfirvöld rómverska hernámshliðsins létu trúarlíf landsmanna að mestu í friði svo lengi sem þeir hlýddu þeim og borguðu skatt til keisarans í Róm.

Messías

Gyðingar þráðu að losna undan yfirráðum Rómverja og verða aftur sjálfstæð þjóð. Margir þeirra treystu á að Guð mundi senda þeim mikinn herkonung sem réði niðurlögum Rómverja og stofnaði á ný ríki gyðinga eins og það hafði verið á gullöld þeirra á tímum Davíðs konungs og sonar hans Salómons.

Trúin á þennan frelsara var mjög sterk meðal þjóðarinnar enda var komu hans spáð í helgiritunum. Hann var kallaður Messías sem þýðir „hinn smurði“ á hebresku, tungumáli gyðinga. Nafngiftin stafaði af því að það var til siðs að vígja konunga og spámenn með því að smyrja höfuð þeirra með olíu.

Kristnir menn trúa því að Jesús frá Nasaret hafi verið sá sem helgiritin gáfu fyrirheit um. Til merkis um þessa trú þeirra bæta þeir titlinum Kristur við nafnið hans en Kristur er grísk þýðing á orðinu Messías.

Gyðingar hafna því hins vegar að Jesús geti verið Messías því að hann hafi ekki frelsað þá undan oki Rómverja eða sest í hásæti Davíðs konungs eins og spádómarnir virtust benda til að hann mundi gera. Kristnir menn svara því til að ekki eigi að skilja spádómanna bókstaflega. Messías hafi ekki átt að vera jarðneskur heldur andlegur konungur og það hafi Jesús einmitt verið. Hann ríki yfir hjörtum þeirra sem trúa á hann.

Fæðing Jesú

Samkvæmt guðspjöllum Matteusar og Lúkasar sá María, ung kona í bænum Nasaret í Galíleu, engil sem tilkynnti henni að hún væri barnshafandi. María varð mjög undrandi og sagði að það gæti ekki verið þar sem hún hefði aldrei átt í ástarsambandi við mann. En engillinn sagði að barnið væri getið af heilögum anda og *fyrir því mun það sem fæðist verða kallað heilagt, sonur Guðs.* (Lúkas 1:36)

Langt var liðið á meðgönguna þegar boð kom frá yfirvöldunum um að allir íbúar landsins ættu að láta skrásetja sig og skyldi hver fara til síns heimabæjar. María fór þá til Betlehem í Júdeu ásamt Jósef, eiginmanni sínum, sem var þaðan. Þar sem fjöldi manns var kominn til bæjarins vegna skrásetningar voru öll herbergin á gisti-húsinu upptekin. Þau urðu því að hafast við í fjárhúsi. Þar fæddi María lítinn dreng sem var gefið nafnið Jesús.



Staðurinn í Betlehem þar sem talið er að Jesús hafi fæðst.

Vitringar frá Austurlöndum komu í fjárhúsið til að votta barninu lotningu sína og gáfu því dýrar gjafir: gull, reykelsi og myrru. Þeir sögðust hafa séð bjarta stjörnu sem vísaði þeim veginn. Einnig er

Þess getið að fjárhirðar hafi komið til að sjá barnið eftir að englafjöld birtist og sagði þeim að frelsari heimsins væri fæddur.

Símeon og Anna

Skömmu eftir fæðinguna fóru María og Jósef með Jesú í musterið í Jerúsalem til að helga hann Guði eins og til siðs var meðal gyðinga. Þar hittu þau tvær gamlar manneskjur, Símeon og Önnu, sem voru bæði mjög bænærkin. Þegar þau sáu barnið glöddust þau mjög og sögðu að þessi litli drengur yrði frelsari þjóðarinnar.



Nákvæm eftirlíking af ljósastjaka sem var í musterinu í Jerúsalem.

Þjargað frá lífláti

Lítið er vitað um líf Jesú á yngri árum hans. Talið er að María og Jósef hafi flúið með hann til Egyptalands þegar hann var smábarn. Konungur Júdeu, Heródes, sat um líf hans vegna þess að hann hafði heyrt að nýfædda barnið væri Messías sem myndi steypa honum af stóli þegar það yrði fullorðið.

Óvenjulegt barn

Eftir andlát Heródesar fluttu foreldrar Jesú aftur til Nasaret. Þar ólst hann upp í faðmi fjölskyldunnar. Hann virðist hafa verið afar óvenjulegt barn, því samkvæmt orðum guðspjallamannsins Lúkasar var hann *fullur visku og náð Guðs var yfir honum*. (Lúkas 2:40)

Jesús varð snemma mjög áhugasamur um trúarleg málefni eins og frásögnin um heimsókn hans í musterið í Jerúsalem á páska-hátíðinni vitnar um. Þó að hann væri þá aðeins tólf ára gamall rökræddi hann við fræðimennina af því líku innsæi og skilningi að undrun vakti.

3 KÖLLUN JESÚ



Jesús var skírður af Jóhannesi í ánni Jórdan.

Þegar Jesús var um það bil 30 ára gamall kom hann að bökkum árinna Jórdan. Þar hitti hann mann er Jóhannes hét sem skírði hann með því að dýfa honum ofan í ána, líkt og hann hafði gert við fjölda annarra til að undirbúa þá fyrir komu Messíasar.

Jóhannes hafði viðurnefnið skírari. Hann var í miklu álitu meðal fólksins. Sumir töldu jafnvel að hann væri Messías. Jóhannes neitaði því og sagði að sitt hlutverk væri aðeins að undirbúa komu frelsarans sem væri um það bil að koma fram. Þegar hann sá Jesú ganga í áttina til sín sagði hann:

Sjá guðslambið, er ber synd heimsins! (Jóh. 1:2)

Matteus segir frá því að um leið og Jesús steig upp úr vatninu sá hann anda Guðs svífa niður af himni í líki dúfu og heyrði rödd segja: *Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hefi velþóknun á.* (Matt. 3:17)

Þar með var ætlunarverk Jesú hafið. Eftir skírnina hélt hann út í eyðimörk til að undirbúa sig fyrir þá köllun sem hann var viss um að Guð hefði falið sér. Hann baðst fyrir og fastaði sem merkir að hann neitaði sér um mat og drykk. Þegar hann hafði fastað í 40 daga og nætur reyndi Satan að freista hans til að fá hann til að hætta við ætlunarverk sitt en það mistókst algjörlega. Orðið Satan þýðir andstæðingur á hebresku. Hann er líka kallaður djöfullinn.

Þegar Jesús kom aftur til mannabyggða byrjaði hann að predika í sýnagógum, samkunduhúsum gyðinga. Að predika þýðir að boða trú eða fræða aðra um trúarleg málefni. Til að byrja með var honum víða vel tekið.

Annað varð upp á teningnum þegar hann talaði í sýnagógunni í Nasaret, heimabæ sínum. Hann las upp úr helgiritum gyðinga spádóma um komu Messíasar og sagði söfnuðinum að þeir ættu allir við sig. Fólkið trúði ekki einu orði af því sem hann sagði og rak hann út úr samkunduhúsinu. Það varð svo reitt að það hrakti hann upp á fjall fyrir utan bæinn og ætlaði að hrinda honum fram af því en hætti við það á síðustu stundu.

Fyrstu lærisveinarnir


Jesús yfirgaf æskuslóðir sínar og hélt fótgangandi til Galíleuvatns. Þar hitti hann nokkra fiskimenn sem urðu fyrstu fylgjendur hans. Svo virðist sem þeir hafi verið svo sannfærðir um að hann væri spámaður frá Guði að þeir voru strax tilbúnir til að yfirgefa fjölskyldur sínar og atvinnu til að fylgja honum.

Alls staðar þar sem Jesús fór þyrptist fjöldi manns að til að hlusta á hann. Margir undruðust þekkingu hans og visku og kölluðu hann rabbína en svo nefndust þeir sem fræddu fólkið um lögmál Móse. Hópur fylgjenda hans stækkaði óðum og úr þessum skara lærisveina valdi hann tólf menn sem postula sína eða sendi-boða. Hann sendi þá út á meðal fólksins til að segja því það sama og Jóhannes skírari hafði boðað:

Tíminn er fullnaður og guðsríki er nálægt. Gjörið iðrun¹ og trúið fagnadárboðskapnum. (Markús 1:15)

1 Gjöra iðrun = sjá eftir því sem maður hefur gert og biðja Guð fyrirgefningar.

Að því búnu komu þeir aftur til Jesú og ferðuðust eftir það með honum um landið. Þeir fylgdust með því þegar hann kenndi fólkinu um Guð og lærðu af fordæmi hans. Hann var andlegur kennari þeirra og þeir nemendur hans, eins og orðið lærisveinn bendir til en það hefur svipaða merkingu og lærlingur eða nemandi.



Eyðimörk í Ísrael.

Kraftaverk

Frægð Jesú barst eins og eldur í sinu um héraðið, sérstaklega þegar það spurðist út að hann væri fær um að lækna sjúka með því einu að snerta þá og stundum þyrfti það ekki einu sinni til. Hann gæti líka læknað fólk sem væri fjarverandi með því einu að hugsa til þess.

Í fjórða kafla Jóhannesarguðspjalls er til dæmis frásögn af manni sem kom til Jesú og bað hann að koma heim með sér til að lækna son sinn sem lá fyrir dauðanum. Þá var Jesús staddur í bænum Kana í Galíleu en heimili mannsins var í Kapernaum sem var tals-

vert langt í burtu. Við grípum niður í frásögnina þegar maðurinn segir við Jesú:

„Herra, kom þú áður en barnið mitt andast.“ Jesús svaraði: „Far þú, sonur þinn lifir.“ Maðurinn trúði því orði, sem Jesús mælti til hans, og fór af stað. En meðan hann var á leiðinni ofan eftir, mættu honum þjónar hans og sögðu, að sonur hans væri á lífi. Hann spurði þá, hvenær honum hefði farið að léttu, og þeir svöruðu: „Í gær upp úr hádegi fór hitinn úr honum.“ Þá sá faðirinn, að það hefði verið á sömu stundu og Jesús sagði við hann: „Sonur þinn lifir.“ Og hann tók trú og allt hans heimafólk.

Jóhannesarguðspjall 4:49

Í Guðspjöllunum eru frásagnir um að Jesús hafi læknað holdsveika, lamaða, blinda, heyrnarlausa, geðveika, flogaveika og mál-lausa. Meira að segja er sagt frá því að hann hafi þrisvar sinnum vakið fólk upp frá dauðum.

Auk þess er talað um alls konar kraftaverk önnur, svo sem að breyta vatni í vín, stilla storm, ganga á vatni og metta þúsundir manna með tveim fiskum og fáeinum brauðum.



Mósaíkmynd í kirkju við Galíleovatn, þar sem Jesús mettaði fimm þúsund manns með tveim fiskum og fáeinum brauðum.

4 BOÐSKAPURINN

Kristin trú á rætur sínar í gyðingdómi enda var Jesús alinn upp sem gyðingur. Flestir þeirra sem hann talaði við voru gyðingar og hann vitnar oft til helgiritra þeirra. Margt af því sem hann boðaði var þannig líkt því sem fólkið hafði heyrt áður en annað var nýtt.

Sá Guð sem Jesús boðaði trú á var hinn sami og Móse og aðrir spámenn gyðinga höfðu talað um. En hann lagði mikla áherslu á að Guð væri kærleiksríkur Guð. Hann líkti honum við föður sem elskar börnin sín svo mikið að hann er alltaf tilbúinn að fyrirgefa þeim þó að þau óhlýðnist honum, svo lengi sem þau sjá raunverulega eftir því sem þau hafa gert og biðja hann fyrirgefningar.

Týndi sonurinn

Jesús sagði fólkinu margar sögur til að útskýra kenningar sínar. Sögurnar höfðu dýpri merkingu en virtist á yfirborðinu. Þeim var ætlað að kenna fólki um Guð og boðskap hans. Þess vegna eru þær kallaðar dæmisögur. Sagan um týnda soninn er ekki bara falleg saga um ástríkan föður og syni hans heldur er hún um ást Guðs á mannkyninu.

Bóndi nokkur átti tvo syni. Eldri sonurinn var hlýðinn og duglegur við bústörfin. Yngri sonurinn vildi hins vegar fara að heiman og bað föður sinn að gefa sér sinn hluta arfsins. Faðirinn gerði eins og hann bað um og kvaddi son sinn hryggur í huga.

Yngri sonurinn eyddi peningunum í alls konar vitleysu og brátt var hann orðinn auralaus. Þá fór hann að leita sér að vinnu en fékk ekkert að gera nema að gæta svína. Stundum var hann svo svangur að hann reyndi jafnvel að éta fódrið sem svínunum var gefið.

Honum leið nú orðið mjög illa og ákvað að snúa aftur heim til sín en þar sem hann skammaðist sín mikið fyrir að hafa sóað öllum arfinum, fannst honum hann ekki eiga það skilið að vera sonur föður síns lengur.

Þegar faðirinn sá yngri son sinn nálgast bæinn kenndi hann í brjósti um hann, hljóp til hans og faðmaði hann að sér. Hann lét son sinn fá falleg föt til að fara í og hélt mikla veislu til að fagna heimkomu hans. Eldri sonurinn varð öfundsjúkur og spurði föður sinn hvers vegna hann væri að halda

veislu fyrir yngri bróður sinn en ekki sig sem hefði alltaf verið honum góður sonur. Faðir hans sagði við hann: „Sonur minn, þú ert alltaf hjá mér og allt mitt er þitt. En við skulum gera okkur glaðan dag, því að þessi bróðir þinn var dauður og er lifnaður aftur, var týndur og er fundinn.“

Endursögn úr Lúkasarguðspjalli 15:11

Guðsríkið

Koma guðsríkisins var kjarninn í því sem Jesús boðaði. En þegar fræðimenn gyðinga spurðu hann hvenær guðsríkið kæmi, svaraði hann: „Guðsríki kemur ekki þannig að á því beri og ekki munu menn geta sagt: Sjá það er hér, eða það er þar, því sjá guðsríki er innra með yður.“ Þeir höfðu ekki búist við þessu svari, því þeir skildu spádóma helgiritanna mjög bókstaflega.

Jesús sagði fólkinu líka ýmsar dæmisögur til að útskýra fyrir því hvað hann ætti við með komu guðsríkisins. Ein þeirra er svona:

Líkt er himnaríki mustarðskorni, er maður tók og sáði í akur sinn. Vissulega er það hverju sáðkorni smærra, en þegar það er sprottið, er það stærra en jurtirnar og verður að tré, svo að fuglar himinsins koma og hreiðra um sig á greinum þess.

Lúkas 13:18

Fjallræðan

Eftir því sem Jesús predikaði á fleiri stöðum vildu fleiri hlusta á hann. Eitt skiptið var mannfjöldinn slíkur að Jesús brá á það ráð að ganga upp í fjallshlíð ásamt lærisveinum sínum og tala þaðan við fólkið. Þess vegna er ræðan sem hann flutti þar kölluð fjallræðan. Í henni setti hann fram helstu kenningar sínar. Margir undruðust orð hans því að hann kenndi þeim eins og sá sem vald hafði, og ekki eins og fræðimenn þeirra. (Matt. 7:29)

Fyrstu setningarnar í ræðunni hefjast allar á orðunum „sælir eru“, sem þýðir „blessaðir eru“. Þetta er kallað sæluboðanir.

*Sælir eru fátækir í anda, því að þeirra er himnaríki.
Sælir eru sorgbitnir, því að þeir munu huggaðir verða.*

Sælir eru hógværir, því að þeir munu jörðina erfa.
 Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu, því að þeir munu
 saddir verða.
 Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.
 Sælir eru hjartahreininir, því að þeir munu Guð sjá.
 Sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða.
 Sælir eru þeir, sem ofsóttir eru fyrir réttlætis sakir, því að þeirra er himna-
 ríki.
 Sælir eruð þér, þá er menn smána yður, ofsækja og ljúga á yður öllu illu
 mín vegna.

Matt. 5:3

Jesús benti áheyrendum sínum á að veraldleg gæði eru ekki sönn
 verðmæti. Hin sönnu verðmæti eru andlegs eðlis:

Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar
 brjótast inn og stela. Safnið yður heldur fjársjóðum á himni, þar sem
 hvorki eyðir mölur né ryð og þar sem þjófar brjótast ekki inn og stela. Því
 að þar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.

Matt. 6:19

Í stað þess að gagnrýna aðra ætti hver og einn að einbeita sér að
 því að laga sína eigin galla:

Hví sérð þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í
 auga þínu? Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: „Lát mig draga
 flísina úr auga þér?“ Og þó er bjálki í auga sjálfs þín. Hræsnavari, drag
 fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glögg til að draga flísina úr auga
 bróður þíns.

Matt. 7:1–5

Faðir vor

Jesús var mjög bænheitur maður. Lærisveinarnir sáu hann oft fara afsíðis til að biðja. Þeir vildu læra að biðja eins og hann. Þá kenndi hann þeim eftirfarandi bæn sem stundum er kölluð bæn Drottins.

*Faðir vor, þú sem ert á himnum,
helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,
verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.
Gef oss í dag vort daglegt brauð.
Fyrirgef oss vorar skuldir,
svo sem vér og fyrirgefum
vorum skuldunautum.
Og eigi leið þú oss í freistni,
heldur frelsa oss frá illu.*



Þannig lýkur bæninni í guðspjöllunum en síðar var bætt við orðunum:

*Því að þitt er ríkið,
mátturinn og dýrðin að eilífu.
Amen*

Orðið amen er hebreska og þýðir „Já, svo skal verða“. Sú venja að ljúka bænum eða ritningalestri með þessu orði er komin úr gyðingdómi.

Kærleikur í verki

Jesús talaði oft um hversu mikilvægt það væri að vera góður við aðra. Í fjallræðunni segir: *Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.* (Matt 7.12) Svipaða setningu er að finna í helgiritum allra helstu trúarbragða mannkyns. Hún er því stundum nefnd „gullna reglan“.

Jesús kenndi fylgjendum sínum að elska ekki aðeins vini sína heldur einnig óvini. Og hann brýndi fyrir þeim að fyrirgefa öðrum, sama hvað þeir hefðu gert á hlut þeirra: *Elskið óvini yðar, og biðið fyrir þeim sem ofsækja yður, til þess að þér séuð synir föður yðar sem er á himnum, því að hann lætur sól sína renna upp yfir vonda og góða og rigna yfir réttláta og rangláta.* (Matt. 8:43)

Miskunnsami Samverjinn

Jesús sagði eftirfarandi sögu til að útskýra hvað felst í því að láta sér annat um aðra. Sagan bendir meðal annars á að sumir þykjast vera góðir og hjálpsamir en eru það ekki í raun og veru. Aðrir sem eru kannski ekki eins mikils metnir í þjóðfélaginu eru stundum betri manneskjur þegar á reynir.

Ræningjar réðust á mann nokkurn sem var á ferð frá Jerúsalem niður til Jeríkó. Þeir rifu af honum fötin og börðu hann. Síðan fóru þeir burt og skildu hann eftir hálfdaudan. En af tilviljun fór prestur nokkur niður veg þennan og er hann sá hann, gekk hann fram hjá. Sömuleiðis kom og Levíti þar að [maður sem vann við musterið í Jerúsalem] og sá hann, en gekk einnig fram hjá. En Samverji nokkur [maður frá Samaría, gyðingar litu niður á fólk frá þessu landsvæði], er var á ferð, kom að honum og er hann sá hann, kenndi hann í brjósti um hann og gekk til hans og batt um sár hans. Svo setti hann manninn upp á asnann sinn og flutti hann til gistihúss og annaðist hann. Daginn eftir tók hann upp peninga, fékk gestgjafanum og sagði: „Hugsaðu vel um hann og ef þetta kostar meira, skal ég borga þér, þegar ég kem aftur“.

Endursögn úr Lúkasarguðspjalli 10:25

5 DAUÐI JESÚ OG UPPRISA

Þegar Jesús hafði ferðast um landið og predikað í þrjú ár hélt hann ásamt lærisveinum sínum til Jerúsalem til að halda upp á páskana. Honum var fagnað gífurlega þegar hann reið á asna inn í borgina. Fólkið veifaði pálmagreinum líkt og um konung væri að ræða. Margir trúðu því að hann væri sendur af Guði til að frelsa þjóðina.

En Jesús átti líka marga völduga óvini. Farísear, sem voru strangtrúaðir gyðingar, öfunduðu hann og óttuðust að fólkið vildi frekar hlusta á hann en þá. Það sveið undan því þegar hann kallaði þá hræsnara. Þeir litu á Jesú sem falsspámann og biðu eftir tækifæri til að handtaka hann og láta taka hann af lífi.

Síðasta kvöldmáltíðin

Samkvæmt guðspjöllunum talaði Jesús oft um það við lærisveinana að hann yrði að fórnarlambi sínu fyrir mannkynið en að hann myndi rísa upp frá dauðum þremur dögum seinna.



Kaleikur og oblátur.

Jesús bauð lærisveinunum að borða með sér páskamáltíðina. Á undan matnum þvoði hann fætur þeirra til að kenna þeim að þjóna hver öðrum. Á heimilum gyðinga hefst máltíðin á því að húsbóndinn blessar vínið og brauðið. Jesús fylgdi þessum sið en þegar hann rétti lærisveinunum brauðið bætti hann við: *Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn, gjörið þetta í mína minningu.* Og þegar hann rétti þeim kaleikinn sagði hann: *Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.*

Samkvæmt frásögn guðspjallanna gaf Jesús í skyn að einn þeirra, Júdas Ískariot, mundi svíkja hann í hendur óvina þeirra.

Krossfestingin

Sama kvöld fór Jesús ásamt lærisveinunum í Getsemane-garðinn við rætur Olíufjallsins. Jesús reyndist sannspár: Júdas Ískariot sveik hann. Hann sagði æðstu prestum gyðinga frá því að Jesús væri í garðinum, fjarri mannföldanum. Um það bil sem Jesús og lærisveinarnir ætluðu að yfirgefa garðinn kom Júdas ásamt hópi vopnaðra manna.



Þetta altari er á þeim stað þar sem talið er að krossinn hafi staðið.

Júdas vísaði þeim á Jesú með því að ganga til hans og heilsa honum með kossi. Hermennirnir handtóku þá Jesú og fóru með hann í hús æðsta prestsins.

Æðstu prestarnir og öldungaráð gyðinga fundu Jesú sekan um guðlast og vildu lífláta hann. En þar sem þeir höfðu ekki vald til að fullnægja dauðadómum fóru þeir með hann til Pontíusar Pílatusar, landstjóra Rómverja. Landstjórinn lét undan kröfum prestanna og dæmdi Jesú til krossfestingar, eins og gert var við verstu glæpamenn.

Fangaverðirnir hæddust að Jesú og pyntuðu hann á ýmsan hátt. Hann var því mjög máttfarinn þegar hann lagði af stað með þungan krossinn á bakinu upp á hæð sem hét Golgata en það þýðir Hausaskeljastaður. Þar var hann negldur á krossinn. Matteusarguðspjall segir frá því að þegar Jesús hékk á krossinum varð myrkur um allt landið í nokkrar klukkustundir og þegar hann gaf upp andann skalf jörðin.

Kristnir menn trúa því að með dauða sínum á krossinum hafi Jesús tekið á sig syndir allra manna. Með því einu að játa trú á hann í einlægni geti hver sem er öðlast eilíft líf.



Kristnir menn telja að líkama Jesú hafi verið lagður til hvílu í þessari klettagröf sem er rétt fyrir utan borgarmúra Jerúsalem.

Upprisan

Líkami Jesú var lagður í grafhvelfingu og stórum steini velt fyrir opið. Tveimur dögum síðar, á sunnudegi, komu María Magdalena og önnur kona, sem líka hét María, að gröfni til að líta eftir henni. Matteusarguðspjall greinir frá því að þá hafi orðið mikill landskjálfti og engill stigið niður af himni. Hann velti steininum frá og sýndi konunum tóma gröfina. Engillinn sagði þeim að Jesús væri risinn upp frá dauðum og bað þær að segja lærisveinunum fréttirnar. Þær gerðu það. Samkvæmt guðspjallinu birtist Jesús síðar mitt á meðal lærisveinanna uppi á fjalli nokkru í Galíleu og talaði við þá. Í tveimur guðspjöllum og Postulasögunni er jafnframt sagt frá því að Jesús hafi verið numinn upp til himins að lærisveinum sínum ásjáandi.

6 ÚTBREIÐSLA TRÚARINNAR

Upphaf kirkjunnar

Fyrstu vikurnar eftir krossfestinguna voru lærisveinarnir í felum því þeir óttuðust að þeirra biðu sömu örlög og meistara þeirra. Á hvítasunnu, sem er uppskeruhátíð meðal gyðinga, voru þeir staddir saman í húsi í Jerúsalem. Í Postulasögunni er sagt frá því að þá hafi heilagur andi komið yfir lærisveinana. Við það hvarf þeim allur ótti og þeir einsettu sér að breiða út boðskap Jesú Krists, líkt og hann hafði sagt þeim að gera: *Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum.* (Matt. 28.18–20) Það má því segja að kristin kirkja hafi verið stofnuð á hvítasunnunni.

Þennan sama dag flutti Pétur, sem var leiðtogi lærisveinanna, svo áhrifamikla ræðu um Jesú að um þrjú þúsund manns tóku skírni og bættust þannig í hóp átrúenda.

Fórnir og sigrar

Kristnin barst eins og eldur í sinu um Rómarríki. Mestan þátt í þessari hröðu útbreiðslu átti maður að nafni Páll. Hann fór margar trúboðsferðir vítt og breitt um heimsveldið.

En trúboðið mætti strax mikilli andstöðu stjórnvalda og trúarlegra leiðtoga. Margir kristnir menn voru teknir af lífi á hroðalegan hátt í skipulögðum ofsóknum. Talið er að bæði Pétur og Páll hafi dáið sem **píslarvottar** í Róm, höfuðborg Ítalíu, á dögum keisarans Neró.

Árið 313 urðu straumhvörf í sögu kristninnar þegar rómverski keisarinnt Konstantínus leyfði trúna og árið 380 var hún gerð að ríkistrú Rómaveldis. Við það jukust áhrif kristinna safnaða mikið. Biskupinn í Róm gerði brátt tilkall til að vera leiðtogi allra kristinna manna.

píslarvottur = maður eða kona sem fórnar lífinu fyrir trú sína

Kirkjan klofnar

Árið 1054 klofnaði kristin kirkja í rómversk-katólsku kirkjuna og austurkirkjuna, sem kölluð er rétttrúnaðarkirkjan, aðallega vegna deilna um hver ætti að vera æðsti maður kirkjunnar.

Árið 1517 hófst annar alvarlegur klofningur þegar lútherskir mótmælendur fóru að gagnrýna rómversk-katólsku kirkjuna sem þeir töldu spillta.

Var Jesús Guð?

Í frumkristni hófust fljótt deilur um eðli Jesú. Var hann Guð eða maður? Á kirkjuþinginu í Konstantínópel árið 381 var gefin út yfirlýsing um að Guð væri einn en þó þrír, því bæði Jesús Kristur og hinn heilagi andi væru hluti af guðdóminum. Þess vegna tala kristnir menn oft um: Guð föðurinn, Guð soninn (Jesúm Krist) og Guð hinn heilaga anda.

Kristin trú í dag

Kristin trú eru fjölmennustu trúarbrögð mannkyns. Fjöldi kristinna manna er talinn vera á bilinu 1500–2000 milljónir manna sem þýðir að um það bil þriðji hver maður á jörðinni játar kristna trú. Auk þess trúa múslimar og bahá'íar því að Jesús Kristur hafi verið sendiboði frá Guði.

Kristna menn er að finna í öllum löndum heims en sums staðar er starfsemi kristinna safnaða bönnuð eða verulega takmörkuð.

Kristið trúboð er enn stundað víða um veröldina. Frá Íslandi hafa trúboðar meðal annars farið til starfa í Kína og Afríku. Auk kristniboðsins reka trúboðarnir skóla og veita lækniástoð.

7 KRISTNI Á ÍSLANDI



Kristnitakan átti sér stað árið 1000 á Þingvöllum við Öxará. Fánastöngin er á þeim stað þar sem talið er að Lögrétta, þing Íslendinga til forna, hafi starfað. Krossinn í fánanum minnir á að kristin trú er ríkistrú landsins.

Samkvæmt rituðum heimildum voru fyrstu mennirnir sem dvöldu á Íslandi kristnir munkar frá Írlandi. Þeir hurfu hins vegar á braut þegar norrænir víkingar námu hér land. Langflestir landnámsmanna voru heiðnir en þó voru nokkrir kristnir menn á meðal þeirra. Flestir þrælanna sem víkingarnir höfðu með sér voru einnig kristinnar trúar.

Kristin trú var lögtekin á Alþingi Íslendinga á Þingvöllum árið 1000 en þó var heiðnum mönnum leyft að stunda trú sína á laun.

Smátt og smátt jukust áhrif kristninnar í landinu. Biskupsstólar voru stofnsettir í Skálholti og að Hólum í Hjaltadal og þar voru einnig reknir prestaskólar. Klaustur voru starfandi víða um land, bæði munka- og nunnuklaustur.

Fram til ársins 1550 voru Íslendingar katólskrar trúar en þá urðu siðaskipti. Þjóðin tók upp lútherskan sið, sem kenndur er

við þýska munkinn Marteín Lúther, en hann snerist gegn valdi katólsku kirkjunnar og sakaði hana um spillingu.

Lútherstrúarmenn lögðu mikla áherslu á að þýða Biblíuna á þjóðtungur hinna ýmsu landa. Árið 1540 kom út þýðing Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu og rúmlega fjórutíu árum síðar, árið 1584, bætti Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum í Hjaltadal um betur og gaf út alla Biblíuna á íslensku. Þessi merka þýðing átti mikinn þátt í því að varðveita íslenskt tungumál.

Margir andans menn tengjast sögu kristninnar á Íslandi. Hér verður látið nægja að nefna prestana Hallgrím Pétursson sem orti Passíusálmana um þjáningar Krists og Matthías Jochumsson, höfund kvæðisins við íslenska þjóðsönginn.

Langflestir Íslendingar játa kristna trú og stærstur hluti þeirra er í þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lúthersk kirkja. Biskup er æðsti embættismaður þjóðkirkjunnar og hefur aðsetur í Reykjavík. Ýmsar aðrar kristnar kirkjur og söfnuðir eru í landinu. Helstu kirkjur eru katólska kirkjan, rétttrúnaðarkirkjan og fríkirkjan en söfnuðir: Hvítasunnusöfnuðurinn, Krossinn, Vegurinn, Hjálpræðisherinn og Aðventistar. Að auki starfa hér söfnuðir Votta Jehóva og Kirkja hinna síðari daga heilögu, betur þekktir sem mormónar.



Kraftmikil tilbeiðslutónlist á samkomu hjá Hvítasunnusöfnuðinum Fíladelfíu.

8 KIRKJUSTARFIÐ



Hallgrímskirkja í Reykjavík er stærsta kirkjubyggingin á Íslandi. Hún er nefnd eftir séra Hallgrími Péturssyni sem orti Passíusálmana.

Orðið kirkja getur bæði átt við samfélag kristinna manna og bygginguna sem það notar fyrir starfsemi sína. Byggingin er líka kölluð guðshús því þar eru haldnar guðsþjónustur og ýmsar aðrar helgiathafnir fara þar fram.

Guðsþjónustur

Guðsþjónustur eru haldnar á sunnudögum því kristnir menn trúa því að Jesús hafi risið upp frá dauðum á þeim vikudegi. Boðað er til guðsþjónustu með því að hringja stórum klukkum. Þær eru vanalega hafðar efst í kirkjuturninum og ofan á honum er kross, helsta tákn kristinna manna.

Hefbundin messa hjá íslensku þjóðkirkjunni hefst á því að presturinn gengur inn í kirkjuna við undirspil organistans.

Presturinn er leiðtogi safnaðarins. Starf hans er mjög fjölbreytt.

Hann á meðal annars að boða kristna trú, fræða um kristlegt líf-
erni og sjá um allar helstu helgiathafnir. Innan þjóðkirkjunnar eru
bæði karlar og konur prestar.

Kirkjugestirnir sitja á bekkjum í kirkjuskipinu, sem svo er kallað,
en presturinn gengur að helgasta hluta kirkjunnar, altarinu, sem
er innarlega fyrir miðju.

Á altarinu hvílir Biblía og sitt hvorum megin við hana eru höfð
kerti sem kveikt er á. Lítil kross prýðir stundum altarið og ekki
er óalgengt að það sé skreytt með fallegum blómum. Altarið á að
minna á borðið sem Jesús og lærisveinar hans sátu við þegar þeir
neyttu síðustu kvöldmáltíðarinnar.

Fyrir ofan altarið er oft altaristafla með máluðum myndum af
Jesú eða kristnum trúartáknum. Margar kirkjur eru einnig skreyttar
með steindum gluggum sem sýna helstu atburði Biblíunnar.

Meðan á orgelspilinu stendur snýr presturinn sér að altarinu
með bakið í söfnuðinn en þegar því lýkur snýr hann sér við.
Presturinn tónar ritningarvers og bænir úr Biblíunni og kirkju-
kórinn syngur sálma. Meðhjálparinn, aðstoðarmaður prestsins,
sér til þess að nóg sé til af sálmabókum svo að söfnuðurinn geti
tekið undir sönginn.



Frá guðsþjónustu í Grafarvogskirkju.



Prestur í predikunarstól.

Í flestum kirkjum eru predikunarstólar en það eru upphækkuð ræðupúlt, oft fagurlega skreytt með biblíumyndum eða trúartáknum. Þar flytur presturinn predikun sem þýðir að hann útskýrir Biblíuna og hvetur söfnuðinn til að lifa í samræmi við orð hennar.

Trúarjátningin

Öðru hvoru biður presturinn kirkjugesti að rísa úr sætum í virðingarskygni. Þetta er til dæmis gert þegar sóknarbörnin játa trú sína opinberlega með því að fara með postullegu trúarjátninguna sem samin var á annarri öld:

*Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.
Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, þíndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða.
Ég trúi á heilagan anda, heilaga, almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu mannsins og eilíft líf.*



Altarisganga.

Altarisganga

Í sumum kirkjum er gengið til altaris á hverjum sunnudegi en í öðrum er það gert mun sjaldnar. Við altarisgöngur er settur bikar með messuvíni á altarið og skál með oblátum sem eru litlar brauðskífur. Vínið og oblátarnar eiga að minna á vínið og brauðið sem Jesú gaf lærisveinum sínum við síðustu kvöldmáltíðina.

Fólkið krýpur fyrir framan prestinn sem setur oblátu upp í munninn á hverjum safnaðarmeðlimi og segir: „Líkami Krists, lífsins brauð“. Um leið og hann býður einhverjum að drekka af bikarnum, sem kallast kaleikur, segir hann: „Blóð Krists, bikar lífsins“.

Hjónavígsla

Þeir sem vilja gifta sig í kirkju leita til prests til að annast hjónavígsluna. Presturinn ræðir við verðandi brúðhjón og veitir þeim ráðgjöf ef með þarf.

Hjónavígslan er í raun og veru helgiathöfn eins og orðið vígsla bendir til en það þýðir helgun, að gera eitthvað heilagt. Brúðhjónin koma upp að altarinu og krjúpa fyrir framan það. Presturinn leggur hönd sína á höfuð þeirra og biður Guð að blessa hjónabandið. Hann ræðir um helgi hjónabandsins og brýnir fyrir verðandi hjónum að sýna hvort öðru ávallt trúnað, ástúð og kærleika, líkt og Kristur boðaði. Eftir vígsluna eru þau hjón að lögum.



Skírn í ánni Jórdan.

Skírn

Kristur sagði lærisveinum sínum að skíra þá sem taka trú *til nafns föðurins og sonarins og hins heilaga anda*. (Matt. 28:20) Þess vegna fer fram skírnarathöfn þegar einhver er boðinn velkominn í kristið samfélag. Skírt er með vatni, líkt og Jóhannes gerði í ánni Jórdan á dögum Jesú.

Bæði innan katólsku kirkjunnar og íslensku þjóðkirkjunnar eru ungbörn skírð um leið og þeim er gefið nafn. Algengast er að móðirin haldi á barninu, sem er klætt í hvítan skírnarkjól, á meðan presturinn vætir höfuð þess með **vígðu** vatni úr skírnarfonti og gerir krossmark á enni þess og brjóst. Bænir eru beðnar fyrir barninu og presturinn blessar það. Foreldrarnir játa trú sína á Krist fyrir þess hönd og lofa þar með að veita barninu trúarlegt uppeldi. Tveir skírnarvottar eða guðfeðgin eru einnig viðstödd athöfnina. Guðfeðginin eiga að aðstoða foreldrana við að fræða barnið um kristindóminn. Oft gegna afi og amma eða aðrir nánir ættingjar barnsins þessu hlutverki.

Sumar kristnar kirkjur telja réttara að skírn eigi sér ekki stað fyrir en einstaklingurinn er orðinn fullorðinn þegar hann er fær um að taka meðvitaða ákvörðun um hvort hann vilji tilheyra kristnu samfélagi.

Við fullorðinsskírn er einstaklingnum oftast dýft á kaf niður í vatn. Niðurdýfingin táknað að viðkomandi sé „grafinn“ með Jesú og rísi síðan upp til nýs og betra lífs.

vígðu = sem búið er að helga með bænum

Ferming

Þegar barn er orðið 13 ára getur það látið ferma sig. Við fermingarathöfnina játar unglingurinn kristna trú sína. Orðið ferming þýðir staðfesting sem vísar til þess að með fermingarheitinu er skírnaarsáttmálinn staðfestur.

Þeir unglingar sem vilja fermast ganga til prests, eins og það er kallað, í einn vetur. Presturinn fræðir þá um kristna trú og undirbýr þá undir athöfnina. Meðal annars þurfa þeir að velja sér ritningarvers úr Biblíunni til að læra utan að og fara með í kirkjunni á fermingardaginn.

Það er hátíðleg stund þegar fermingarbörnin ganga inn kirkju-gólfið í hvítum kyrtlum sem eiga að minna á skírnaðkjólinn. Í lok athafnanna er unglingnum boðið að ganga til altaris sem fullgildur meðlimur safnaðarinnar. Eftir guðsþjónustuna er boðið til veislu og fermingarbarninu færðar gjafir í tilefni dagsins.



Prestar blessa fermingarbarn.

Útför

Þegar kristinn maður deyr er haldin sérstök guðsþjónusta sem kallast útför. Ættingjum og vinum er boðið að vera viðstaddir.

Við athöfnina í kirkjunni er farið með bænir og sungnir sálmar. Kistan stendur fyrir framan altarið, skreytt blómum og stundum íslenska fánanum. Í predikun sinni rifjar presturinn upp líf hins látna og minnir á orð Krists: *Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi.*

Að lokinni guðsþjónustunni bera ættingjar og vinir kistuna út í kirkjugarðinn. Leiðið er merkt með nafni hins látna sem skráð er á kross eða legstein.

Önnur starfsemi

Ýmislegt fleira er gert í kirkjunni. Nefna má barna- og unglinga-starf, starfsemi fyrir aldraða, fræðslufundi og kyrrðarstundir, auk margs konar menningarstarfsemi, svo sem tónleikahald.



Barnafræðsla á vegum hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu.

9 KRISTNIR HELGIDAGAR



Ungmenn lesa biblíutexta við guðspjónustu í Grafarvogskirkju á hvítasunnudegi.

Sumir kristnu helgidagarnir eru til að fagna gleðilegum atburðum í sögu trúarinnar. Jólin, pálmásunnudagur, páskar og hvítasunna eru í þessum flokki. Aðrir dagar eru sorglegir svo sem skírdagur og föstudagurinn langi.

- **Langafasta.** Hefst 40 dögum fyrir páska. Áður fyrr föstuðu kristnir menn fram að páskum.
- **Pálmásunnudagur.** Þá er þess minnst þegar Jesús reið á asna inn í Jerúsalem og fólkið fagnaði honum.
- **Skírdagur.** Á fimmtudegi í sömu viku neytti Jesús síðustu kvöldmáltíðar með lærisveinum sínum.
- **Föstudagurinn langi.** Næsta dag, föstudaginn langa, var Jesús krossfestur.

- **Páskar** eru mesta hátíð kristinna manna. Þá minnst þeir upprisu Jesú á páskadagsmorgni, tæplega tveimur sólarhringum eftir krossfestinguna. Hátíðarguðsþjónustur eru haldnar í kirkjum og margir fermast á páskum. Til siðs er að gefa börnum páskaegg úr súkkulaði. Eggið er tákn um nýtt líf.
- **Uppstigningardagur.** Kristnir menn trúa því að 40 dögum eftir páska hafi Jesús stigið upp til himna.
- **Hvítasunnan** er sjöunda sunnudag eftir páska. Þá minnst kristnir menn þess er heilagur andi kom yfir lærisveinana.
- **Jólin** eru haldin hátíðleg í desember til að gleðjast yfir fæðingu Jesú Krists.

Jólasíðir

Ýmsir síðir tengjast jólahaldinu. Fólk óskar hvert öðru gleðilegra jóla á þessu tímabili.

Síðustu fjórar vikurnar fyrir jól kallast **aðventa**. Þá býr fólk til aðventukrans úr greni og setur á hann fjögur kerti. Kveikt er á einu nýju kerti á hverjum sunnudegi til jóla.

Hérlendis skreyta sumir hús sín og garða í tilefni jólanna með ljósaseríum og öðru skrauti. Margir setja líka ljósastjaka út í glugga. Götur og verslanir eru ljósum prýdd og jólalög hljóma úr útvarpstækjum. Ættingjar og vinir hittast til að baka saman laufabrauð. Í skólanum er fönðrað jólaskraut og kennslustofur skreyttar. Áður en nemendur fara í jólafrí er haldin jólaskemmtun sem kölluð er „litlu jól“. Í sumum skólum senda nemendur hver öðrum jólakort.

Á jólum eru oft haldin jólaboð þar sem stórfjölskyldan kemur saman. Margir hafa líka þann sið að fara út í kirkjugarð til að skreyta leiði ástvina sinna með ljósum.

Samkvæmt gömlum sið hefjast jólin klukkan sex á aðfangadag

aðventa = „koman“ eða „sá sem kemur“. Orðið vísar til komu Jesú Krists.



Jólagjafir og skraut.

jóla, þann 24. desember. Eftir að fjölskyldan hefur borðað saman jólamatinn eru teknar upp gjafir. Áður fyrr voru börn á Íslandi hrædd með því að ef þau væru óþekkt fengju þau enga nýja flík og þá mundi jólakötturinn éta þau. Þeim voru líka sagðar sögur af Grýlu sem átti það til að ræna óþægum krökkum og hafa þá í matinn. Jólasveinarnir synir hennar voru heldur ekki til fyrirmyndar. Þeir voru hrekkjóttir og stálu öllu steini léttara. Þessar þjóðsögur eru rifjaðar upp á hverjum jólum en eiga í harðri samkeppni við jólasveininn með rauðu skotthúfuna sem er öllu vinnjarnlegri. Helgisögnin um jólasveininn hefur verið rakin aftur til heilags Nikulásar, kristins biskups sem talið er að hafi átt heima í Tyrklandi á fjórðu öld. Hann var afar örlátur eins og jólasveinninn sem færir börnunum gjafir á jölunum. Börnin setja skó út í glugga áður en þau fara að sofa í von um að jólasveinninn setji eitthvað gott í hann á nóttunni. Ef þau hafa verið þæg fá þau gjöf í skóinn en séu þau óþekkt fá þau bara kartöflu.

Á flestum heimilum er haft fagurlega skreytt grenitré í stofunni. Oft fá börnin það hlutverk að skreyta jólatréð. Áður fyrr tíðkaðist

að ganga í kringum tréð og syngja jólalög og sálma en þessi siður er nú á undanhaldi.

Kirkjurnar eru vel sóttar yfir jólin. Mörgum þykir ómissandi að heyra prestinn lesa frásögnina úr Lúkasarguðspjalli um fæðingu Jesú og hlusta á jólatónlistina sem boðið er upp á í kirkjunni í til efni hátíðarinnar.

Mikilvæg ártöl

63 f.Kr.	Rómverjar leggja Palestínu undir sig.
29–33 e.Kr.	Krossfesting Jesú Krists (ártalið er ekki vitað með vissu).
313 e.Kr.	Leyft að iðka kristna trú í Rómaveldi.
380 e.Kr.	Kristin trú verður ríkistrú Rómaveldis.
1000 e.Kr.	Kristni lögtekin á Íslandi.
1054 e.Kr.	Austurkirkjan klýfur sig frá rómversk-katólsku kirkjunni.
1517 e.Kr.	Lúther mótmælir rómversk-katólsku kirkjunni.
1550 e.Kr.	Siðaskiptin á Íslandi.
1584 e.Kr.	Guðbrandsbiblía, fyrsta biblíuþýðingin, kemur út.

Ef þú vilt vita meira

- Alfræði unga fólksins*. 1994. Örn og Örlygur. Reykjavík.
- Gunnar J. Gunnarsson: *Maðurinn og trúin*. 2006. Námsgagna-
stofnun. Reykjavík.
- Sundemo, Herbert: *Biblíuhandbókin þín*. 1995. Örn og Örlygur.
Reykjavík.
- Trúarbrögð heimsins í mynd og máli*. 1998. Mál og menning.
Reykjavík.

Atriðisorð

Altarisganga	30
Bænir	17
Dæmisögur	14
Endurkoma Krists	6
Ferming	32
Guðsþjónustur	27
Gyðingdómur	14, 17
Helgidagar	34
Hjónavígsla	30
Jól	35
Katólska kirkjan	24
Kristni á Íslandi	25
Messías	7, 10
Nýja testamentið	5
Páskar	35
Rétttrúnaðarkirkjan	24
Skírn	10, 31
Útbreiðsla	23

KRISTIN TRÚ

– FAGNAÐARERINDIÐ

Bókin *Kristin trú – Fagnaðarerindið* er ætluð til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla.

Sagt er frá helgiriti kristinna manna, Biblíunni og rakin saga Jesú frá Nasaret. Fjallað er um fæðingu hans, köllun og kenningar, starf hans, dauða og upprisu. Þá er sagt frá upphafi kirkjunnar, sögu hennar, siðum og hátíðum. Einnig er íslensku kirkjunni lýst, kirkjustarfinu og hinum ýmsu kirkjum og söfnuðum er hér starfa.

Kennaraefni er fánlegt á vef Menntamálastofnunar, www.mms.is

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40564



TRÚARBRÖGÐ
MANNKYNS